

Alþingi  
Erindi nr. P 132/719  
komudagur 27.1.2006



Fossaleyni 14, 112 Reykjavík. Pósthólf 10067, 132 Reykjavík.  
Sími: 5678800 Fax: 5678801 Netfang: kristur@kristur.is

24. janúar 2006

Viðtakandi:  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

#### Athugasemdir

við 340. mál: Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar, tæknifrjövgun).

Almennt álit okkar á umræddu máli:

Við viljum láta í ljós hryggð og andúð okkar á tilkomu frumvarpsins, efni og tilgangi þess. Við teljum að lögum um staðfesta samvist nr. 87/1996 hafi verið óþörf og ekki rétt að veita sambúð tveggja einstaklinga af sama kyni lögformlega afgreiðslu og viðurkennt sambúðarform. Þar var verið að veita minnihlutahópi (samkynhneigir eru milli 1-3% þjóðarinnar) sérstöðu með mikilvægum réttindum sem hingað til hafa eðlilega eingöngu tilheyrt giftum hjónum og að hluta til fólki af gagnstæðu kyni í skráðri sambúð. Með tilkomu staðfestrar samvistar var hafið til viðingar sambúðarform sem: 1. andstætt er eðlilegu framferði í nátturinni, 2. ...sem getur ekki með eðlilegum hætti fætt af sér afkomendur, 3. ...sem er í hrópandi anstöðu við kristinn fjölskyldu- og mannskilning eins og hann er að finna í grundvallarriti kristinnar kirkju, Biblíunni, og 4. sem hefur fengið fylgi í þjóðfélaginu fyrir tilstuðlan mikils þrýstings frá fámennum en herskáum samtökum samkynhneigðra sem beitt hafa margvíslegum miður rökstuddum og oft hlutdrægum fullyrðingum til stuðnings skoðunum sínum.

Finnst okkur allt of hratt hafa farið við afgreiðslu löggjafans í þessum málum og ótrúlegar félagslegar breytingar hafa orðið í þessu sambandi á aðeins 10 árum. Hér er um slíka kúvendingu í afstöðu til samlífs samkynhneigðra að ræða að líkja má við byltingu. Slík fljótaskrift í eins viðkvæmu máli er mjög varhugaverð. Teljum við að ef umrætt frumvarp (340. mál) verður að lögum muni það hafa slæmar afleiðingar fyrir börn sem verða ættleidd inn í fjölskyldur samkynhneigðra para eða koma til við tæknifrjövgun konu í stafestri samvist (sambúð).

Í ljósi þessarar afstöðu teljum við nú gráu bætt ofan á svart með þessu frumvarpi (340. mál) um breytingu á réttarstöðu samkynhneigðra hvað varðar sambúð, ættleiðingar og tæknifrjövgun.

Nánari athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Í II kafla

2. gr., og

XV kafla

**16. gr.** er ítrekað lagt til að orðin “karl og kona” víki fyrir orðinu “einstaklingur”. Þetta teljum við með öllu óþarft, orðin “karl og kona” geta vel haldið sér en þeim til viðbótar kæmi orðið “einstaklingur” þegar um er að ræða einstakling í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð. Í hugum mjög margra er með þessu verið að draga úr vægi karls og konu sem kynvera og gera ólík hlutverk kynjanna óljósari.

XVI kafli

**17. gr.**

a. Eftirfarandi orð falli burt: “staðfestri samvist”.

b. viðbótin sem lögð er til við d-lið 1. mgr verði sleppt (“í staðfestri samvist”).

**18. gr.**

5. gr. Eftirfarandi málsgrein falli burt: “...eða um sé að ræða konu sem er í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu, sbr. a-lið 1. mgr 3. gr”.

**19. gr.**

Eftirfarandi lokamálsgrein falli burt: “Sé um að ræða konu sem er í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð með annarri konu, sbr. a-lið 1. mgr 3. gr”.

**20. gr.**

Eftirfarandi setning í 2. línu textans falli burt: “eða konur í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð.”

XVII kafli

**24. gr.**

a. Eftirfarandi breytingin á 1. mgr. (ný málsgrein) falli burt: “Kona sem samþykkt hefur að tæknifrjógvun fari fram á samvistar- eða sambúðarmaka sínum samkvæmt lögum um tæknifrjógvun telst foreldri barn sem þannig er getið.”

**25. gr.**

a. Eftirfarandi ný málsgrein falli burt: “Læknir eða ljósmóðir skal spyrja móður í staðfestri samvist ..... verður ekki skráð foreldri barns nema 2. mgr. 6. gr eigi við.”

**29. gr.**


í a, b og c lið er kyngreiningin fjarlægð og í stað sett orðið “foreldri” eða “hitt foreldrið”. Við leggjum til að kyngreiningin verði látin halda sér.

-----

Við höfum ekki fleiri orð um afstöðu okkar til umrædds frumvarps. Við hvetjum reyndar alþingi eindregið til að draga það til baka, en til vara að það geri breytingar í samræmi við ofangreindar athugasemdir.

Með vinsemd og virðingu

fyrir hönd Íslensku Kristskirkjunnar.

  
Friðrik Schram, samnaðarprestur.

Felagskjal

**Yfirlýsing samvinnuhóps margra kristinna trúarsamfélaga vegna stjórnarfrumvarps um málefni samkynhneigðra.** (Yfirlýsingin var sett fram í janúar 2006 og send fjölmiðlum hér á landi).

Við undirrituð lýsum eindregnum stuðningi við biskup Íslands, þegar hann segir að hjónaband sé sáttmáli milli eins karls og einnar konu, og teljum að nú beri að standa vörð um hina upprunalegu fjölskyldumynd og velferð fjölskyldna og barna í íslensku samfélagi. Um leið hörmum við það fráhrarf frá kristnum siðferðisgildum sem ríkistjórn Íslands sýnir með frumvarpi til laga um rettarstöðu samkynhneigðra. Frá því að þjóðin gerðist kristin, hefur hún haft fyrrnefnd siðferðisgildi sem grundvallarviðmiðun í löggjöf landsins. Að lögleiða aðra skipan er fráhrarf frá skíru og kláru boði Heilagrar ritningar og í andstöðu við siðfræði kristinnar kirkju í heild sinni.

Með tilvísun til þeirra greina frumvarpsins sem fjalla um ættleiðingar barna til para í staðfestri samvist og tæknifrjóvgun hjá konum í staðfestri samvist, þá teljum við í ljósi kristinnar grundvallarafstöðu okkar hvort tveggja vera fráleitt. Við teljum að réttur barna sé skertur með nefndu frumvarpi og samband barns við föður og móður ekki virt. Við minnum á að samkvæmt upphafsgrein Barnalaganna, nr. 76/2003, á barn rétt á að þekkja báða foreldra sína.

Brevtingartillögu við frumvarpið, sem felur í sér heimild forstöðumanna trúfélaga til hjúskaparvígslu tveggja einstaklinga af sama kyni, teljum við fráleita og höfnum henni alfarið. Rök okkar eru þau sömu og áður: Hin boðaða löggjöf fer þvert gegn kristinni kenningu um hjónabandið og samband foreldra og barns.

**Þau trúfélög og trúarhópar sem standa að yfirlýsingunni eru:**

Hvítasunnukirkjan Fíladelfía, Reykjavík,  
 Hvítasunnukirkjan í Keflavík,  
 Hvítasunnukirkjan á Akureyri,  
 Hvítasunnukirkjan Betel, Vestmannaeyjum,  
 Hvítasunnukirkjan Salem, Ísafirði,  
 Hvítasunnukirkjan Selfossi,  
 Hvítasunnukirkjan Kirkjulækjarkoti,  
 Íslenska Kristskirkjan, Grafarvogi,  
 Erikkirkjan Kefas,  
 Krossinn í Kópavogi,  
 Erikkirkjan Vegurinn,  
 Betanía, kristið samfélag,  
 Hjálpræðisherinn á Íslandi,  
 Sjónarhæðarsöfnuður, Akureyri,  
 Akurinn, kristið samfélag, Kópavogi,  
 Samfélag trúaðra, Reykjavík,  
 Samfélagið Hörgshlíð 12,  
 Vínyard, kristið samfélag, Reykjavík,  
 Aðventkirkjan á Íslandi,  
 Rússneska rétttrúnaðarkirkjan: Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins í Reykjavík (Ísland).